

EFTIRLITSSKÝRSLA

ORF Líftækni hf. Gunnarsholt



Dags eftirlits	16.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	ORF Líftækni hf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Víkurbær 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420201-3540	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Júlíus Kristinsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Orf Líftækni til sleppingar á erfðabreyttum byggplöntum í rannsókn- eða þróunarskyni, eða í öðrum tilgangi en til markaðssetningar, í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
- Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafli 2 í leyfi)
- Innra eftirlit rekstraraðila (kafli 3 í leyfi)

Eftirlitið fólst í skoðunarferð að ræktunarreit rekstraraðila í Gunnarsholti þar sem gerð var úttekt á reitnum og samhliða farið yfir kröfur starfsleyfisins. Við eftirlit var uppskera ekki hafin. Yrki í ræktun innan reitsins eru í samræmi við leyfið.

Ræktunarreiturinn er vel afmarkaður, afgirtur með rafmagnsgirðingu, belti af höfrum umhverfis reitinn og bönd strekkt yfir reitinn til að koma í veg fyrir að fuglar komist í plönturnar. Merkingar eru um að óviðkomandi sé bannaður aðgangur. Hlið við aðkomu að ræktunarsvæðinu er læst.

Rekstraraðili fór yfir verkferla varðandi uppskeru, þurrkun og förgun byggsins og eru þær í samræmi við kröfur leyfisins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.12.2021

Sigríður Magnúsdóttir